

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

693. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn þriðjudaginn 19. apríl 2011 kl. 10:45 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Tilboð í skólaakstur Grunnskóla 2011/2012 til 2014/2015. Bréf Húnavirkis ehf.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Húnavirkis ehf. dags. 16. apríl 2011, þar sem fyrirtækið segir sig frá frávíkstilboði sínu í skólaakstur árin 2011/2012 til 2014/2015. Byggðarráð samþykkir afturköllun tilboða annars vegar frá Húnavirki ehf., vegna frávíkstilboðs og hins vegar frá Elínu Önnu Skúladóttur í leið 4 sem lagt var fram á 692. fundi byggðarráðs, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 65/1993 um skyldur bjóðenda til að standa við tilboð sín.

Þar sem um tvö jafnhá tilboð var að ræða í leið 5 samþykkir byggðarráð sbr. 16. gr. laga nr. 65/1993 og á grundvelli gr. 1.3 í útboðsgögnum að taka tilboði Elínar Önnu Skúladóttur vegna fyrri reynslu hennar af sambærilegum störfum.

Byggðarráð samþykkir að taka lægstu tilboðum sem eru eftirfarandi.

Leið 1 Húnavirki ehf. kr. 140 pr. km.

Leið 2 Sigvaldi Sigurjónsson kr. 159 pr. km

Leið 3 Þorsteinn B. Helgason kr. 165 pr. km.

Leið 4 Tryggvi Rúnar Hauksson kr. 202 pr. km.

Leið 5 Elín Anna Skúladóttir kr. 166 pr. km

Leið 6 Húnavirki ehf. kr. 150 pr. km.

Leið 7 Húnavirki ehf. kr. 139 pr. km.

Leið 8 Lag ehf. kr. 137 pr. km.

Leið 9 Húnavirki ehf. kr. 139 pr. km.

Leið 10 Húnavirki ehf. kr. 34.000 á dag m/v 112 km akstur á dag.

Í samræmi við ofangreint samþykkir byggðarráð að hafna öðrum tilboðum sem bárust í umrætt verk. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að tilkynna hlutaðeigandi ofangreindar afgreiðslur með formlegum hætti. Oddvita, sveitarstjóra og fulltrúa minnihluta falið að ganga til samninga við Húnavirki ehf. um aukaakstur innan héraðs.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:28

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri